

Sandkorn 2013





Í blaðinu:

Ritstjórnarpistill

Vorferðalag

Spjallið—Valdimar Guðmundsson

Stjórnendur í naflaskoðun

Lífið eftir grunnskólann

Grettukeppni

Ég man....

Ella í skýjunum

Spurningakeppni

Framtíðarspá

Frasar

Hitt og þetta

Finndu ömmu Tótu í blaðinu.

Útgefandi: Grunnskólinn í Sandgerði

Prentun: Grágás

Sandgerði 22. mars 2013

Ritstjórn Sandkorns:

Sunneva Ósk Þóroddsdóttir

Rebekka Jóhönnudóttir

Marín Rún Guðmundsdóttir

Aldís Vala Hafsteinsdóttir

Kristófer Máni Sigursveinsson

Davíð smári Árnason

Ingimar Jenni Ingimarsson

Ábyrgðarmaður: Hlynur Þór Valsson


Ritstjórnarpistill

Nokkrir nemendur úr 10. bekk ákváðu að taka að sér skólablaðið þetta árið. Við höfðum í raun um tvennt um að velja, annaðhvort að vera með ekkert árshátíðarblað eða gera flottasta blaðið á aðeins 3 vikum. Við lögðum mikla vinnu í verkefnið og úr varð þetta flotta blað sem þið eruð með í höndunum. Í blaðinu er að finna ýmis viðtöl, framtíðarspá, kosningar, ferðasögur og fl. Margar myndir voru teknar og slatti af þeim settar í blaðið.

Einnig eru pistlar frá gömlum nemendum úr skólanum og fleira og fleira. Leitað var eftir styrkjum frá fyrirtækjum til að geta prentað blaðið út í lit og á finni pappír en ljósritunarpappír og þökkum við þeim fyrirtækjum, sem sáu sér fært um að styrkja okkur kærlega fyrir aðstoðina. Við vonum að þið hafið gaman af því að lesa blaðið okkar og óskum öllum til hamingju með frábæra árshátíð og hafið það gott í páskafriinu.

Með kveðju
Fyrir hönd ritstjórnar
Rebekka Jóhannudóttir og
Sunneva Ósk Þóroddsdóttir

Bátasmiðjan Sólplast ehf.



**Tökum að okkur nýsmíði,
viðgerðir, breytingar og
aðra trefjaplastvinnu.**

Sími (Kristján): 899-1519 | Fax: 423-7826

Strandgata 21, 245 Sandgerði

www.solplast.is | solplast@solplast.is

Vorferðalag 9. bekkjar 2012

Við nemendur í 9. bekk Grunnskólans í Sandgerði, nú í 10. bekk, fórum í frábæra og mjög vel heppnaða ferð til Skagafjarðar þann 21. maí 2012. Það var mikill spenningur í mannskapnum fyrir ferðinni. Þetta var löng keyrsla en alveg þess virði. Það var mikil stemmning í rútunni svo við fundum varla fyrir því hvað við vorum lengi á leiðinni því framundan var ógleymanleg ferð með bestu krökkunum. Við mættum í Skagafjörðinn í blíðskaparveðri og komum okkur vel fyrir í Ljósheimum sem var okkar heimili í þessari ferð. Eftir að við vorum búin að koma okkur fyrir, klæddum við okkur og gerðum okkur tilbúin í hestaferð. Sú ferð var ógleymanleg! Það var hún Sonja Rut sem fór á kostum þar, hún ákvað að reyna að sýna aðeins hæfileika sína á hestbaki en það endaði með því að hesturinn hljóp á aðrar stelpur og Sonja skall í jörðina með þeim afleiðingum að það flisaðist úr beini í öxlinni á henni. Hún þurfti því að fara á spítalann á Sauðárkróki og missti þar af leiðandi af paintball ásamt Bylgju. Sonja var í fatla það sem eftir var af ferðinni, en það var ótrúlegur töggur í henni því hún tók þátt í ÖLLU með hópnum eftir þessa uppákomu. Fall er fararheill. Viðburðaríkur fyrsti dagur þar sem farið var í paintball, lasertag og á hestbak. Við enduðum svo í sundi og kjúklingaveislu í Varmahlíð.

Næsta dag vöknudum við eldsnemma því ferðinni var heitið út í Drangey, það var fallett veður fyrir sjóferð og stelpurnar byrjuðu á því að fara upp í Drangey á meðan strákarnir fóru á sjóstöng. Stelpurnar ætluðu að gefast upp eftir fyrstu 5 mínúturnar á leiðinni upp en þetta hafðist allt á endanum, á meðan strákarnir ældu í sjóinn. Strákarnir voru orðnir það sjóveikir að þeir tóku á sprett upp í Drangey og hittu þar stelpurnar sem voru þreyttar á leið niður að fara á sjóstöng. Þegar við sigldum í land og ætluðum upp í rútu blasti við okkur óvænt sjón því rútabílstjórinn okkar gleymdi að loka hurðinni á rútunni þegar hann fór með okkur í Drangey og það voru nýir

farþegar komnir í sætin okkar, sem voru býflugur. Eftir að við yfirtókum rútna aftur var ferðinni heitið í skotfimi, þar sem allir fóru á kostum. Klettasiði tók við seinna þennan dag og var það án efa mesta adreanlín-kick'íð í ferðinni. Við enduðum þennan dag á frábærum þísum á Sauðárkróki.

Miðvikudagurinn var rólegur dagur, við keyrðum til Akureyrar og skelltum okkur í keilu og fengum okkur Brynju-ís, kíktum á flugsafnið á Akureyri og fengum okkur ljúffengan hamborgara á Greifanum. Því næst fórum við út með Eyjafirði á Siglufjörð og skoðuðum þar Síldarminjasafnið. Þar unnu strákarnir í mysudrykkju og síldaráti þar sem Stefán og Bylgja voru fyrirliðar *kynjanna*. Næsti áfangastaður var Hofsó, þar heimsóttum við eina flottustu sundlaug landsins. Þegar við komum uppúr biðu okkar ljúffengar Tortillur á fallegu veitingahúsi. Því næst lögðum við af stað heim á leið en stoppuðu á fornbílasafni og skoðuðum gamla bíla.

Á fimmtudeginum vöknudum við snemma og byrjuðum að ganga frá því við vorum á leiðinni heim. En við höfðum samt enn tíma til að skoða og skemmta okkur. Við stoppuðum í tækniþjósi þar sem beljur voru mjólkaðar með vélum, en það sem áhugaverðast var á þeim stað var fötluð kú sem bóndinn var að gera tilraunir með, það höfðu allir gaman af henni. Þá var haldið í flúðasiglingu (river rafting) þar sem stelpurnar fóru á kostum og strönduðu á skeri. Í siglingunni stukku svo allir af kletti og að lokum var boðið upp á heitt kakó. Það voru flestir sammála um að þetta hafi verið með því skemmtilegasta í ferðinni. Við viljum enda á að þakka bekknum, Bylgju og Jóa fyrir ógleymanlega ferð í Skagafjörðinn. Þessi ferð þjappaði hópinn enn meira saman og gerði okkur að fjölskyldu. Ef þið hafið vöð á að fara í þessa ferð þá mælum við tvímælalaust með því að þið skellið ykkur í þessa frábæru ferð!

Fyrir hönd 10. BB.
Davíð Árnason og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir

Myndasafn úr vorferðinni



Frægur í spjalli

Það þekkir nánast hvert mannsbarn á Íslandi stórsöngvarann Valdimar Guðmundsson. Bláðamenn Sandkorns hringdu í kauða og spurðu hann spjörunum úr.



Ljósmynd: Gúndi (Guðmundur Freyr Vigfússon)

Hvað ertu gamall? 27 ára.

Hvar ertu búsettur? Keflavík.

Hefur þú lært söng? Nei.

Hvenær byrjaði tónlistarferill þinn? Þegar ég var ungur og byrjaði að læra á básúnu 7 ára.

Hvað kanntu á mörg hljóðfæri? Tvö, básúnu og gítar.

Hvenær komstu fyrst fram? Í Hljóðnemanum í FS, þar söng ég Afgan, eftir Bubba Morthens og Árni Ármanns spilaði með mér.

Er tónlist það skemmtilegasta sem þú gerir? Já klárlega!

Hlustar þú mikið á sjálfan þig? Svona af og til en meira þegar ég er að búa hana til.

Hvernig var að vera kosinn söngvari ársins? Það var voða fínt, gaman!

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert síðan þú byrjaðir að koma fram? Það er bara allt sem stendur uppúr. Ísafjörður, fara út á land og Paddy's.

Hver er uppáhalds söngvarinn eða söngkonan þín? Úff erfitt val, Tommy Artle, Radio head og Maroon.

Hvað er framundan? Gera meiri music.

Hvenær eru næstu tónleikar sem allir geta komið á? Einhvern tímann í apríl í Andrew's theater.

Eitthvað að lokum? Takk fyrir að hafa áhuga á að tala við mig og „stay in school“.


Naflaskoðun

Fanney Dórothe Halldórsdóttir

Fyrstu sex í kennitölu? 010174.
Það sem fékk mig til að fara fram úr í morgun? Ást mín á skólanum.
Af hverju skólastjóri? Bara gaman.
Skemmtilegasta við starfið? Krakkarnir.
Síðasta borg sem þú heimsóttir fyrir utan landsteinana? Glasgow.
Síðasti veitingastaður sem þú fórst á? Gló.
Síðasti hlutur sem þú keyptir þér? Skór.
Síðasta bíómynd sem þú horfðir á? Django.
Síðasta skipti sem þú sagðir einhverjum að þér þætti væntum hann? Börnunum mínum í morgun „ég elska þig“.



Elín Yngvadóttir



Fyrstu sex í kennitölu? 030175
Það sem fékk þig helst til þess Að vakna í morgun? Fyrst börnin mín og svo tilhlökkun um að hitta krakkana og samstarfsfólk í skólanum.
Af hverju aðstoðarskólastjóri? Skemmtilegt, krefjandi og gefandi starf.
Skemmtilegasta við starfið? Enginn dagur eins og gaman að sjá ungt fólk vaxa og dafna.
Síðasta borg sem þú heimsóttir fyrir utan landsteinana? Boston.
Síðasti veitingastaður sem þú fórst á? Ruby Tuesday.
Síðasti hlutur sem þú keyptir þér? Kjóll og leggings.
Síðasta bíómynd sem þú horfðir á? Hákarlabeita 2, Háflóð.
Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann? Í morgun við börnin mín.

Hver er hvað?

Það er frægt þema í bandarískri kvikmynda- og þáttagerð að draga persónur í dilka og hlutgera fólk. Við vitum vel að nemendur í Grunnskólanum eru ekki persónur í slíkri klisju og eru misjafnir eins og þeir eru margir. Nafnbótirnar í nemendakosningunni eru einungis til gamans gerðar og hvetjum við alla til að sýna þá mögnuðu persónuflóru sem hver og einn hefur að bera. Kærleikskveðja til allra!



Herra Sandgerðisskóli **Kristófer Máni**

Ungfrú Sandgerðisskóli **Aldís Vala**

Tækjafrík ársins **Jóhann**

Húmoristi ársins **Ta**

Söngvari ársins **Indíana Huld**

Íþróttafrík ársins **Ingimar Jenni**

Hár ársins **Rebekka**

Krútt ársins **Petra**

Hlátur ársins **Sonja Rut**

Snyrtipinni ársins **Thelma Dögg**

Fallegustu augun **Ástrós Sóley**

Fallegasta brosið **Sandra Ósk**

Fatafrík ársins **Marín Rún**

Pönkari ársins **Stefán Hlífar**

Dansari ársins **Sigríður Margrét**

Besti félaginn **Almar Hólm**

Bjartasta vonin **Sunneva Ósk**

Símalína ársins **Garðar Ingi**


Snillingur ársins **Davíð Smári**

Orkubolti ársins **Þorbjörn Dagur**

Félagsvera ársins **Aðalsteinn**

Kennari ársins **Bylgja**

Skólaliði ársins **Oddný**



Dyggðin er æðsti
aðalstitillinn
– Molière

Lífið eftir grunnskólann (fyrri hluti)

Stundum er sagt að maður sjái ekki skóginn fyrir trjánum. Það vill stundum vera þannig hér hjá okkur í Grunnskólanum í Sandgerði. Nemendur sem hafa útskrifast héðan hafa margir lýst því yfir að þeir sakni skólans og hafi í raun ekki vitað hvað átt höfðu, fyrr en misst höfðu. *Sandkorn* hafði samband við þau Grétar Karlsson og Alexöndru Ýri Auðunsdóttur og báðu þau að lýsa lífinu eftir Grunnskólann í Sandgerði.



Kæru útskrifanemar Grunnskólans í Sandgerði, þar sem þið eruð að fara taka skrefið úr grunnskóla í framhaldsskóla þá var ég beðinn um að gera stuttan pistil um lífið í Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS).

Aðal breytingin á milli grunnskólans og framhaldsskóla er klárlega sú að þið berið alla ábyrgð á ykkar námi. Ólíkt grunnskólanum þá eru flestum kennurunum í FS í rauninni alveg sama hvort þú sért að læra í tímum eða ekki. Auðvitað eru nokkrir kennarar sem ýta á þig og vilja sjá þig ná árangri í náminu en flestum er nákvæmlega sama hvort þú sért að leggja þig allan fram eða hvort þú sért ekkert að fylgjast með. Ég ráðlegg ykkur þó öllum að fylgjast alltaf vel með og setja ykkur námsmarkmið því að það er ekkert rosalega góð tilfinning rétt fyrir lokapróf að átta sig á því að þú hefur ekkert verið að fylgjast með í tímum og ert að fara skítfalla í áfanganum.

Það er þó ekki þannig að það er bara hægt að mæta í tíma hvenær sem þú vilt því það eru leyfðar sex fjarvistir í hverjum áfanga á hverri önn og um leið og þú ert kominn upp fyrir þær þá ertu boðaður á fund með námsráðgjafa og gerður er mætingasamningur. Ef samningur fellur, þá er þér vísað úr skólanum. Í FS er ekki bekkjarkerfi, heldur er þér raðað í áfanga og þú gætir lent í tíma með þrjátíu krökkum sem þú hefur aldrei séð áður, þó það sé nú ansi ólíklegt, ég hef til dæmis aldrei lent í áfanga þar sem ég þekki ekki neinn.

FS er nú heilsueflandi framhaldsskóli. Það er lögð mikil áhersla á hollan og góðan mat, hreyfingu og heilsu. Það er til dæmis ekki hægt að kaupa sér snúð, gos, nammi eða álíka ruslfæði í mötuneytinu heldur bara hollan og næringarríkan mat. Eins og ég kom fram á hér áðan þá er námið algjörlega á ykkar ábyrgð og þess vegna get ég ekki sagt að heimanámið sé eitthvað ákveðinn mikill tími á dag, heldur stjórnar þú þessu öllu sjálf/ur. Kennarinn setur auðvitað fyrir heimavinnu en það er ekkert þannig að ef þú vinnur ekki heima þá færðu óunna heimavinnu. Þú einfaldlega missir bara út úr og dregst þar af leiðandi aftur úr í náminu. Ég vona að þið hafið lært einhvað af þessum pistli og ég mæli eindregið með FS, ég hafði heyrt ýmislegt neikvætt um FS áður en ég kom í hann en að mínu mati er þetta bara mjög flottur skóli.

Ég vona að ég sjái ykkur flest eftir

sumarið,

kær kveðja
Grétar Karlsson.

Frásögn Alexöndru
er á bls. 16.

Hin klassíska grettukeppni!



Besta grettan í ár!!



Ég man þegar....

ég kenndi ykkur fyrst í forföllum þá voru þið í 2. bekk, lítill, óþekkt og skemmtileg, nú eruð þið bara skemmtileg.

við höldum fyrsta bekkjarfundinn okkar í 8. BB og við gerðum samkomulag um að vera besta útgáfan af okkur sjálfum og verða besta bekkurinn í GS. Þið hafið staðið vel við samkomulagið.



þegar þið gátuð ekki verið sammála um árshátíðaratriðið ykkar í 8. bekk og enduðuð með svuntur á sviðinu.

við fórum í fyrsta slökunartímann og það gat ekki nokkur nemandi legið kyrr. Þá var aðallega hlegið og prumpað. En þið hafið lært að njóta þess að liggja saman og blása sápukúlur.

ég reiddist drengjunum fyrir að hafa kynnt Jónas skólabróður sinn til sögunnar í myndmennt.

þið fóruð í heimsókn í vinabekkin og aðstoðuðu nemendur við lestur, þið voruð til fyrirmyndar og hafið staðið ykkur vel í þeim samskiptum.

Keppnina milli kynjanna á Síldarminjasafninu og Stefán Hlífar fór á kostum.

Hvað þið voruð dugleg að synda eftir að þið stukkuð af klettinum í Jökulsá. Miklu betri en krakkarnir frá Reyðarfirði.

þið genguð öll upp Drangey, það var einstök tilfinning að vera þar með ykkur öllum í einu.

þið hélduð, köku- og sparifatadag.

við ákváðum með stuttum fyrirvara að vera öll strumpar á öskudaginn og það tókst með góðri hjálp.

þegar við sönnuðum það enn og aftur að æfingin skapar meistarann og sprengdum lestrarhraða GS.

þið fenguð einkunnir úr samræmdu prófunum í haust og við sáum afrakstur vinnu ykkar. Ég var svooo stolt af ykkur.

þegar þið eignuðust ömmu innan skólans, Ömmu Tótu.

við fórum til Reykjavíkur á skólaþing, skólaheimsóknir og að skoða starfsemi RÚV, hvað þið voruð okkur til sóma.

þið fenguð hláturskast í Tækniskólanum þegar konan bauð ykkur að skoða blautar bylgjur.

við þögðum saman í 10 mínútur þegar við vorum á þingpöllum og horfðum á alþingismenn að störfum.

Elsku blómin mín: þið eruð alveg frábær og ég á eftir að sakna ykkar mikið. Hafið í huga að maður getur gert allt sem maður ætlar sér, það þarf einungis að setja sér markmið og muna að nota einkunnarorðin **GÆS** eða ég get, ég ætla, ég skal.

Bestu vinir

Sunneva og Karolína

Hvenær byrjuðuð þið að vera vinkonur?

Í áttunda bekk.

Hvað gerið þið saman?

Bara chilla...

Eigið þið sameiginleg áhugamál?

Já, dans, strákar, föt, Instagram og Vampire Diaries.

Eruð þið oft saman?

Já, reynum það.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera?

Slúðra og tala saman bara..

Hvað gerir ykkur að vinkonum?


Áhugamálin.

Hvað er það eftirminnilegasta sem þið hafið gert saman?

Bara alltaf þegar við erum að borða, Samsuð, þegar við gistum og þegar við gerðum Harlem Shake í sturtu og við vorum í sundbolum!

Eitthvað að lokum?

NAMASTE.



Ella í skýjunum



Hvað fékk þig til að vilja stjórna Skýjaborg?

Starfið losnaði og ég bara greip tækifærið.

Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið?

Þið krakkarnir.

Við hvað starfaðir þú áður en þú byrjaðir í Skýjaborg?

Kvöldvinnu í Skyjó og heimavinnandi húsmóðir.

Eru eitthverjar miklar breytingar í Skýjaborg?

Neee, held ekki. Þið eruð bara orðin dugleg að mæta því ég er svo skemmtileg.

Varst þú mikil félagsvera þegar þú varst unglingur?

Já, ógeðslega skemmtileg hehe.

Hvernig var á samfestingnum?

Ógeðslega gaman.

Er félagsmiðstöðin mikið sótt?

Já, mjög.

Hvað er framundan í Skýjaborg?

Áframhaldandi skemmtun, opin hús og böll.

Afhverju ertu svona frábær?

Af því ég er svo ógeðslega skemmtileg hahahaha.

Eitthvað að lokum?

Haldið áfram að stunda félagsmiðstöðina og þið eruð frábær!!

Skálinn

pylsur, hamborgara, pizzur og
margt, margt fleira

Strandgötu 11

Sími: 423-7650

Baráttu bekkjanna

Fulltrúar bekkja á unglíngaganginum voru fengnir til að heyja spurningakeppni um almennan fróðleik. Keppendur riðu ekki feitum hesti frá viðureigninni eins og sjá má en að lokum var það 10. BB sem bar sigur úr býtum.



Spurningar og svör:

1. Hver er höfuðborg Bhutan?
2. Hverjir skoruðu í úrslitaleik meistaradeildarinnar 2012?
3. Hver var 3. forseti Íslands?
4. Hvað heitir kvenfélagið í Sandgerði?
5. Hvað heitir leikarinn sem lék Ron Weasley í Harry Potter myndunum?
6. Hverjir flytja lagið Thrift Shop?
7. Hver var síðasti Sandgerðingurinn til að vinna stærðfræðikeppni Suðurnesja í FS?
8. Frá hvaða landi kemur Rastafari hreyfingin?
9. Hvaða ár gekk Ísland í NATO?
10. Hvað heitir barn Beyonce og Jay-Z ?

8. Ö.ÆH		8. ÖÖ
1. Klósett		1. Dream on
2. Torres og Robben		2. Lampard
3. Vigdís Finnbogadóttir		3. Ásgeir Ásgeirsson
4. Hvöt		4. Hvöt
5. Robert eitthvað		5. Pass
6. Macklemore og Ryan Lewis		6. Macklemore
7. Pass		7. Pass
8. S-Afríka		8. Afganistan
9. 1978		9. 1952 eða 1944
10. Blue Diamond		10. Blue Ivy
Stig = 2,5		Stig = 2,5

9. SHG		10. BB
1. Tyrístan		1. Uran
2. Drogba og Muller		2. Ronaldo og Messi
3. Ásgeir Ásgeirsson		3. Kristján Eldjárn
4. Hvöt		4. Hvöt
5. Ruppert Grint		5. Eitthvað George
6. Macklemore og svartí gaurinn		6. Macklemore
7. Eydís Sjöfn Kjarbo		7. Pétur Ágúst Berthelsen
8. Jamaica		8. Jamaica
9. 1952		9. 1949
10. Blue Ivy		10. Blue Ivy
Stig = 4,5		Stig = 5,5



Svör:

1) Thimphu 2) Muller og Drogba 3) Kristján Eldjárn 4) Hvöt 5) Rupert Grint 6) Macklemore & Ryan Lewis 7) Pétur A. Berthelsen 8) Eydís Sjöfn Kjarbo 9) 1949 10) Blue

Skemmtun.is

Reykjanesbæ



PAINTBALL FYRIR

FYRIRTÆKI, SKÓLA, GÆSANIR,

STEGGJANIR, HÓPEFLI &

ÖNNUR TILFNI.

 **527-7710**

Heyrst hefur að....

- ◆ 8.bekkur hafi verið grimmur á Samfestingnum
- ◆ Þórunn Magg hafi gleymt sundtíma hjá stelpunum í 10 bekk
- ◆ Sunneva hafi verið hrædd við róna á laugarveginum
- ◆ Bylgja drekki ekki úr plastglösum
- ◆ Davíð hafi farið í Søstrene Grene og stolið skopparabolta
- ◆ Þórunn Tryggva hafi verslað árshátíðaddressið sitt í Smáralindinni
- ◆ Ta hafi brotið kertastjaka sem Bylgja hafi fengið frá leynivini sínum
- ◆ Jói hafi hætt að kenna til að snúa sér alfarið að Boccia
- ◆ Árný hafi verið rekin úr matsalnum fyrir að kasta pizzu
- ◆ Hlynur Þór blikki grímt til að redda hlutunum

Lífið eftir grunnskólann (Seinni hluti)

Það er stórt skref að fara úr grunnskóla í framhaldsskóla, umhverfi þar sem ég var örugg, þekkti alla nemendur og kennara og leið vel. Framhaldsskóli getur verið ógnvekjandi og því þurfum við að vanda valið vel og finna það sem hentar hverjum og einum.

Ég ákvað að velja Kvennaskólann í Reykjavík, risastórt skref úr örugga umhverfinu í Sandgerði. Við vorum tvær úr Sandgerði sem fórum saman í Kvennó en erum á sitt hvoru sviðinu og lentum því ekki saman. Ég var því alveg ein fyrst um sinn og það var mjög skritið, því að við hérna í Sandgerði höfum alltaf verið svo nán og þekkjumst öll. eins og ein stór fjölskylda.

Kvennaskólinn er menntaskóli og þar er því bekkjarkerfi sem hentar mér mjög vel. Bekkurinn minn 1.NB er alveg frábær, krakkarnir mjög opnir og skemmtilegir og tóku mér mjög vel sem og öðrum. Að vera í bekkjarkerfi er eins og að vera í grunnskóla, því við erum saman í öllum fögum og fáum bara kennara fyrir hvert fag. Það gerði þessa breytingu mun betri því eftir tvo daga í skólanum þekkti ég alla með nafni þ.e. í mínum bekk og var strax búin að kynnast krökkunum.

Það sem er einnig svo frábært við Kvennó er að þar er mikill metnaður og vilji til að þess að við gerum okkar besta til að undirbúa okkur fyrir komandi háskólanám. Í Kvennó er hraðferð og stefni ég að útskrift á 3 árum sem mér finnst mjög gott. Það skiptir kennarana máli að við lærum heima og séum að stunda námið okkar af metnaði sem er mjög jákvætt því þá eflist maður og vill gera vel. Það má til gamans nefna að stundum er líka erfitt fyrir kennarana að fá hljóð í bekknum og minnir það mig bara á grunnskólann.

Að fara í framhaldsskóla er bara nýtt líf og mikið stökk með miklu meiri lærdómur og ALLTAF próf. En það er líka bara gaman því þú verður að leggja þig fram ef þú ætlar að ná árangri í lífinu.



Ég kynntist fullt af krökkum og þótt það sé bekkjarkerfi þá er maður samt ekki bara með bekknum sínum, við kynnumst líka fullt af öðrum krökkum, hittumst öll í matsalnum og á göngunum, bæði jafnaldra og sem eru eldri. Bekkirnir gera oft margt saman.

Félagslífið í Kvennó er mjög virkt, fjölbreytt og skemmtilegt. Það eru mörg böll og oft eitthvað að gerast. Sem dæmi má nefna þá er Tískuvika, Eplavika, Busavika og í seinustu viku var Árshátíðavika, það var gjörsamlega geðveikt, það var HELLAÐ og miklu miklu meira. Það er líka farið í Busaferð, í Þórsmörk þar sem hópurinn kynnist betur og það var geðveikt gaman.

Mér finnst frábært í Kvennó, gæti ekki verið ánægðari með að hafa farið þangað þó ég sakni auðvitað grunnskólans. Ég veit að ég vakna mjög snemma á morgnana til þess að ná rúttunni eða eiginlega alltof snemma, en skal segja ykkur að það er þess virði.

Kvennó er líka mjög fínn skóli, ekki mjög stór, mjög heimilislegur, mikill metnaður og allir geta verið eins og þeir eru.

Ég mæli með því að velja Kvennó, besti skólinn.

Að lokum vil ég bara minna ykkur á að læra vel í grunnskóla svo þið komist í góðan skóla sem ykkur langar í.

Alexandra Ýr Auðunsdóttir

Marmeti ehf.

Hafnargötu 3

245 Sandgerði



Við þökkum Íbúum Sandgerðsbæjar góðar móttökur og óskum nemendum Grunnskólans í Sandgerði góðrar skemmtunar á árshátíðinni.

Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stíflþjónusta

-Hitamyndavél



pipulogn@pipulogn.is

pipulogn.is



Fiskmarkaður Suðurnesja

Hafnargötu 8
245 Sandgerði
Sími 422-2400
Fax: 420-2311
fms@fms.is

Framtíðarspá...

Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér...eða hvað? Nemendur í 9. SHG litu í kristalskúlur og rýndu í ókomna tíma í þeim tilgangi að spá fyrir framtíð útskriftarnema skólans. Nú er bara að bíða og sjá hvort satt reynist.



Aðalsteinn: Atvinnumaður í mótorkross og flytur til Bandaríkjanna þar sem hann mun eiga stærstu bílasölu í heimi. Hann giftist 30 árum yngri konu og eignast þrjú börn með henni.

Aldís Vala: Áhættuleikari og fallhlífastökkvari. Maðurinn hennar verður Ambercrombie módel og þau búa í Hollywood í stóru penthouse. Þau eiga saman tvö börn.

Almar: Heimsmeistari í Minecraft og síðan tekur hann yfir fyrirtækið sem framleiðir Minecraft. Hann eignast fjögur börn, giftist tvisvar og eignast tvo ketti.

Ástrós: Á ótrúlegan hátt þá rís tónskáldið Wolfgang Amadeus Mozart upp frá dauðum. Þau verða ástfanginn, gifta sig og eignast átján börn. Ástrós verður þó fyrst heimsfræg eftir að hafa spilað með hljómsveitinni Valdimar.

Davíð Smári: Hann verður kvensjúkdómalæknir á Spáni og eftir miklar rannsóknir finnur hann mótefnið gegn Swag og mannkynið nær nýjum hæðum eftir það. Hann og framtíðarfrúin hans ættleiða þrettán börn frá Afríku.

Garðar Ingi: Hann er lögfræðingur í sjálfböðavinnu en aðalstarf hans er atvinnumennska í knattspyrnu hjá Shamrock Rovers. Hann mun kynnast stelpu í gegnum C.O.D. (call of duty) og giftist henni.

Indíana Huld: Hún byrjar í The Charlies og þá verða þær loks heimsfrægar. Indíana Huld kynnist leynilegum aðdáanda og fella þau hugi saman.

Ingimar Jenni: Hann verður spretthlaupari og keppir í 100 m. hlaupi. Hann verður fyrsti Íslendingurinn til að sigra ólympíuleikana. Hann hættir þó óvænt í spretthlaupi og hefur feril sem magadansari í Portúgal við góðan orðstír.

Jóhann: Hann stofnar nýjan banka og sinnir sjálfur stöðu bankastjóra. Jóhann virðist hafa dulin skilning á fjármálaheiminum og verður fljótt ríkasti maður heims.

Kristófer Máni: Hann verður næsti forseti Íslands og bjargar öllum út úr kreppunni. Verður líka fyrsti maðurinn til að stíga fæti á Mars...súkkulaði.

Ta (Kritsana Moollek): Hann verður hárgreiðslumeistari ásamt því að vera hand- og fót snyrtir allra helstu Hollywood stjarnanna. Endar svo á að verða heimsfrægur fyrir hátísku fatalínuna sem hann hann nefnir, Talister!

Marín Rún: Launahæsti atvinnumaður í knattspyrnu frá upphafi. Hún sigrar allt sem hægt er með íslenska landsliðinu en menntar sig einnig í lífeðlisfræði.

Petra Wium: Eftir að hafa lokað sig inni í áraradur inn á rannsóknar- og smíðastofu, stígur hún loks fram með einstakt hljóðfæri sem hún hannaði og smíðaði sjálf. Hljóðfærið vekur heimsathygli og þegar Petra spilar á það skapast friður í heiminum.

Rebekka: Hefur feril sinn sem undirfatafyrirsæta hjá Victoria's secret en hún nemur ekki staðar þar. Smátt og smátt sölsar hún undir sig fyrirtækið og endar sem einvaldur á undirfatamarkaðnum. Hún gefur sér þó tíma til að gifta sig og lifir farsælu fjölskyldulífi.

Sandra Ósk: Eftir mikið erfiði og strit klára hún loks að smíða reiðhöllina sína. Hún fyllir höllina af smáhestum frá Úganda sem vekja heimsathygli. Hún hættil þó fljótt hestabröltinu eftir að hún hittir riddarann á hvíta hestinum og þau lifa hamingjusöm til æviloka.

Sigríður Margrét: Ásdís Rán býður henni að starfa sem knattspyrnufyrirsæta í Búlgaríu. Sigríður finnur sig ekki alveg í því starfi og til að gleyma áhyggjum sínum skellir hún sér á næturklúbb þar sem hún dansar til að gleyma. Það vill svo til að á klúbbnum er frægur danshöfundur sem býður henni strax samning og endar hún sem aðaldanshöfundur stjarnanna.

Sonja Rut: Stofnar verslunina *Sonjuskart*, sem selur allskyns skart og fylgihluti. Einn daginn gengur Harry Styles úr hljómsveitinni *One Direction* inn í búðina og verða þau strax yfir sig ástafangin og gifta sig strax og eignast börn og buru.

Stefán Hlífar: Stofnar rokkhljómsveitina Stebbi Park. Á milli túra finnur hann upp á mögnuðum orkudrykk sem verður strax sá vinsælasti á markaðnum. Stefán finnur að efnafræðin á betur við hann en tónlistin og fljótt skapar hann sér góðan orðstír á því svið, nýr Einstein kannski?

Sunneva Ósk: Eftir áralangt hark og erfiði slær hún í gegn þegar Taylor Swift klæðist kjól frá henni á Óskarsverðlaunaathöfninni. Hún fær landvistarleyfi í Bandaríkjunum og í gríni ákveður hún að bjóða sig fram sem forseta Bandaríkjanna, ótrúlegt en satt þá sigrar hún og verður fyrsti kvenforsetinn í N—Ameríku.

Thelma Dögg: Skellir sér í læknisnám, nánar tiltekið dýralæknisnám. Í náminu kynnist hún heillandi manni sem á sér þann draum heitastan að heimsækja Suðurskautslandið. Thelma flytur með honum þangað og stofna þau mörgæsabú og lifa hamingjusömu lífi.

Þorbjörn Dagur: Í ævintýrahug ræður hann sig sem póstsendil í Alaska. Í fyrstu er þetta ekki jafn spennandi og hann hélt. En dag einn finnur hann skrýtið bein. Hann ræktar DNA úr beininu og úr verður loðfill. Þorbjörn hættir sem póstsendill og selur nú loðfíla um allan heim

*Við ættum að einbeita okkur að framtíðinni, það er þar sem við verðum það sem eftir er ævinnar. -
Mark Twain*

Veitingahúsið Vitinn
Selureitur salkerans



Veislubjónusta Vitans tekur að sér allar veislur svo sem brúðkaup, afmæli, fermingar og erfidrykkjur. Glæsilegir veislusalir og spennandi hópmatseðlar.

Hádegiverðarhlaðborð og einstök krabbaveisla

Vitatorgi 7
Sími: 423-7755
info@vitinn.is

Veitingahúsið Vitinn
Selureitur salkerans



FLUG 
FISKUR
SANDGERÐI - ICELAND

FLUG 
FISKUR
SANDGERÐI - ICELAND

Öskudagur myndasafn:

Að venju var öskudagur haldin hátíðlegur í skólanum. Mikil stemning myndast oft og leggja margir mikið í búningana sína. Í ár var haldið upp á lestrarátakslok á öskudeginum og settu búningarnir skemmtilegan svip á þá athöfn.



Hver segir hvað?

Það er alltaf hægt að bæta orði við , en aldrei unnt að taka orð aftur.—Machiavelli



Jújú



Er ég ekki fyndin?



Ég veit það ekki




Uuuu...veit ekki

Frasar hjá útskriftarnemum



Neeih, MSS



Hættið'essu



Gaaaur!



Da


Frasar hjá útskriftarnemum



Ókei



Ándjóks!?



Fo#\$ing hel”#\$i



Bless kex

Frasar hjá útskriftarnemum



Haha..ég veit það ekki



Hvað eruð þið að tala um?



Sko...



Oh, ég er svo svöng

Frasar hjá útskriftarnemum



Ómægod!



Same shit



Vá, sjáiði skóna!



Já, nákvæmlega

Frasar hjá útskriftarnemum



*Það er bara heitt hérna inni,
af því ég er hérna*

Heimspeki er heilbrigð skynssemi í sparifötum.

- Oliver S. Braston



Vélsmiðja Sandgerðis ehf

**Vélsmiðja
Sandgerðis
Ehf.**



Vélsmiðja Sandgerðis ehf

Eftirfarandi fyrirtæki styrktu útgáfu
Sandkorns, árshátíðarblað
Grunnskólans í Sandgerði:

**Zpez
Hárgreiðslustofa**



**Umbúðir og
ráðgjöf**



NÝ-FISKUR



Sturlaðar staðreyndir

Í Bandaríkjunum slasa 40.000 manns sig árlega á salerninu.

Moskítóflugur pissa á þig eftir að þær eru búnar að sjúga blóð úr þér.

Konur eyða samtals einu ári á ævi sinni til að ákveða hverju þær ætla að klæðast.

Að sofna í vinnunni í Japan er talinn góður kostur við starfsmann, það gefur í skyn að hann er að vinna yfir sig.

Ef þú öskrar samfleytt í 8 ár, 7 mánuði og 6 daga, þá geturðu hitað einn kaffibolla.



Mamma'ín



Krókódíll getur ekki stungið tungunni sinni út.

Það kostaði meira að gera Titanic myndina (200 m. \$) heldur en að byggja skipið sjálft (7 m. \$).

Svín geta ekki horft upp í skýin standandi.

Anatidaefóbía er ótti við að eitthverstaðar sé önd að stara á þig.

Shakespear sagði fyrsta „Mamma þín...“ brandarann.


Ef þú ert með gullfisk í dimmu herbergji, þá verður hann hvítur með tímanum.

Yngsti páfi sögunnar var 11 ára gamall við vígslu.

Medium skyrta í Bandaríkjunum er stærri en XL skyrta í Kína.

Beljur svitna í gegnum nefið á sér.

Það er ekki hægt að hrjóta og dreyma á sama tíma.



Hollráð og hugrenningar

Hlynur Þór Valsson



Þú uppskerð eins og þú sáir – Starf kennarans er fjölbreytilegt og krefjandi. Daglega reynum við að hafa áhrif á og hvetja nemendur til dáða. Viðbrögðin eru misjöfn eins og nemendur eru margir og þurfa kennarar því að vera hugmyndaríkir, gefandi en umfram allt þolinmóðir. Þetta er í margt skrýtið starfsumhverfi því efniviðurinn hefur tilfinningar og mótast ekki eins og leir heldur leitast við að fara nýjar leiðir og ögra, en þannig á það einmitt að vera. Skólinn á að vera góður jarðvegur fyrir nemendur til að dafna og blómstra í hverju því sem þau taka sér fyrir hendur.

Ég er einstaklega stoltur að fylgjast með útskriftarhópnum í ár og tengist þeim sérstökum böndum því þar er á ferð minn fyrsti hópur. Ungur og óreyndur fékk ég það verkefni að vera þeim leiðbeinandi og efla þau til dáða. Það má með sanni segja

að verkefnið hafi verið krefjandi, enda kjarnmiklir og öflugir einstaklingar þar á ferð. Eins og vænta má gekk á með skini og skúrum, hlátri og grátri en það er aldrei hægt að segja að það hafi verið leiðinlegt. Það að fá tækifæri til að sjá ykkur dafna og vera spennt fyrir komandi tækifærum er einstakt. Því það er nú þannig í starfi kennarans að uppskerutíminn er langur og það er í raun ákvörðun fræsins hvort það kjósi að spretta eða fölna.

Það sem fyrst og fremst gerir borg fagra er það líf sem þar er lifað, útlit, framkoma og menning fólksins. (Í gróandanum. Kristján Albertsson. 1955). Þessi orð eiga ekki bara við borgir heldur okkar nánasta umhverfi hvar sem við erum og hvert sem við förum. Vandíð ykkur ætíð við að koma fram við aðra með virðingu og stefnið bjartsýn fram á við því ykkur eru allir vegir færir.

Hvernig á að falla á prófi


Gildrurnar eru til þess að varast þær. Ritstjórnin hristi rykið af gömlum *Sandkorns* blöðum og fann þar þessar aðferðir sem tryggja fall í prófi.



- ♦ Ef þetta er stærðfræðipróf, svaraðu þá í löngum setningum... ef þetta er ritgerðarpróf, svaraðu þá í tölum.
- ♦ Talaðu alla leið í gegnum prófið! Lestu spurningarnar upphátt og farðu svo að rífast við sjálfan þig hvert rétta svarið skyldi vera. Ef þú ert beðin um að hætta, segðu „jújú, og þú getur bara heyrt mig hugsa“...
- ♦ Þegar fimm mínútur er liðnar af prófinu, stattu upp, rífdðu það niður í pínulitla búta og hentu því uppí loftið og öskraðu **GLEÐILEG JÓL!!**biddu kennarann um annað próf og segðu að þú hafir týnt hinu.
- ♦ Mættu í prófið í sanddöllum, baðslopp og með handklæði á hausnum.
- ♦ Svaraðu prófinu á einhverju öðru tungumáli! ... ef þú kannt ekki annað tungumál, gerðu þitt eigið tungumál!!
- ♦ Komdu með heilt kvikmyndatökulið með þér og segðu að þú viljir taka prófið upp!
- ♦ Á 5 mínútna fresti, taktu saman allt draslið þitt, sestu annars staðar og haltu áfram að taka prófið.
- ♦ Taktu með þér vatnsbyssu.
- ♦ Þegar þú labbar inn.... kvartaðu yfir hitanum... stripaðu.
- ♦ Reyndu að fá sessunautana til að gera „bylgju“.



Það er einskær von okkar í ritstjórninni að allir hafi haft gaman og jafnvel gagn af blaðinu. Vonandi mun hefðin halda áfram um ókomin ár. Sjáumst hress á göngunum!



Gleðilega páska!



